

Aðalfundur FS haldinn föstudaginn 4. júní 2021 kl. 14:00 á Grand hótél

Fundur settur kl. 14:02 af formanni félagsins Árna Bjarnasyni (ÁB).

Alls voru mættir á fundinn, 22 félagsmenn í sal og á fjarfundi voru 14 félagsmenn.

Gengið til fundarstarfa samkvæmt dagskrá.

- 1. Kosning fundarstjóra og ritara.** Árni Sverrisson (ÁS) var kosinn fundarstjóri og Páll Ægir Pétursson (PÆP) fundarritari. Fundarstjóri fór yfir fyrirkomulag fundarins en þetta er einnig fjarfundur til að gefa þeim félagsmönnum sem eru fjarverandi kost á að fylgjast með og vera þátttakendur. Tveir fulltrúar Advania sáu um tæknimál, þ.e. útsendingu fundarins (fjarfund) og kosningarkerfi (atkvæðagreiðslur).
- 2. Skýrsla formanns.** ÁB byrjaði yfirferð sína á því að biðja menn að rísa úr sætum og votta virðingu þeim félögum sem látist hafa frá síðasta aðalfundi. Hann rakti störf stjórnar og sagði 4 stjórnarfundi hafa verið haldna á árinu 2020, auk margra annara funda af ýmsum toga. Í lok febrúar var nýr sumarbústaður tekinn í notkun á Laugarvatni og nefndur Ægisból eftir Ægi heitnum Steinþórssyni starfsmanni félagsins sem lést lang um aldur fram árið 2017. ÁB fór í stuttu máli yfir það sem gert hefur verið á Laugarvatni og einnig er varðar orlofsbíúðir félagsins. Formaður fór einnig yfir viðbrögð samtaka sjómanna og útvegsmanna vegna Covid og leiðbeininga fyrir áhafnir skipa um hvernig bregðast skyldi við ef upp kæmi grunur um smíð um borð, en þeim var dreift í flota landsmanna. Fullyrða má að þessar leiðbeiningar höfðu án efa áhrif á hversu vel hefur tekist til varðandi smitvarnir um borð í íslenskum skipum. Á milli jóla og nýárs var haldinn jólafundur en sá fundur var fyrsti fjarfundur félagsins. Skiptar skoðanir voru um ýmis málefni eins og mönnunarmál, róðrarlag og vinnuálag sem er mismunandi á milli skipa sem leiðir svo til mismunandi viðhorfa til stöðu mála. Einnig varð talsverð umræða um mál Júlíusar Geirmundssonar og þeirrar óánægju sem þáttaka FS í málaferlum gegn útgerð og skipstjóra olli. Fram kom hörð gagnrýni á Jónas Þ Jónasson lögfræðing félagsins vegna málflutnings hans í sjónvarpsviðtali þar sem

hann gagnrýndi meðferð á sjómönnum og að þörf væri á að breyta „kúltúrnum“ í fiskiskipaflotanum. Á fyrsta stjórnarfund 2021 ákvað meirihluti stjórnar félagsins að segja upp samningi við Jónas og fela formanni og framkvæmdastjóra félagsins að finna annan lögfræðing fyrir félagið. Það var svo 3 mars sl. að Lilja Jónsdóttir, hjá LEX lögmannsstofu, var ráðin lögfræðingur félagsins. Lilja er einn fremsti sérfræðingur landsins í sjó- og flutningarétti og veitir bæði innlendum og erlendum fyrirtækjum lögfræðilega ráðgjöf á því sviði. Þá veitir Lilja ýmsum opinberum stofnunum og fyrirtækjum lögfræðilega ráðgjöf varðandi stjórnsýslurétt og eignarrétt. Hún hefur og sérhæft sig í váttryggingarétti og skaðabótarétti og veitir fyrirtækjum og einstaklingum ráðgjöf á því sviði. Lilja tekur auk þess að sér almenna lögfræðilega þjónustu við stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga. ÁB sagði frá ráðningu Ariels Péturssonar fulltrúa FS sem varaformanns sjómannadagsráðs á nýafstöðnum fundi ráðsins. Að öllu óbreyttu mun hann taka við keflinu af Hálfadáni Henryssyni formanni Sjómannadagsráðs þegar hann lætur af störfum. Miklar vonir eru bundnar við Ariel í framtíðinni því krefjandi verkefni fylgir starfinu. Var Ariel óskað velfarnaðar í starfi af formanni og fundargestum með lófataki. Formaður fór yfir aðdraganda að lagabreytingum á lögum félagsins sem ÁS kynnir á eftir. Ákveðið var á fyrsta stjórnarfund ársins 2021 að yfirfara lög félagsins sem þarfnast að mati stjórnar endurskoðunar. Í endurskoðunarnefnd voru fengnir Árni Sverrisson framkvæmdastjóri FS, stjórnarmennirnir Guðjón Guðjónsson og Sigbór Guðnason ásamt Pálma Gauta Hjörleifssyni skipstjóra. Formaður þakkaði þessum mönnum vel unnin störf og gat þess jafnframt að breytingatillögurnar voru sendar út til allra atkvæðisbærra félagsmanna 26 maí sl. og því hefði mönnum gefist tími til að lesa þær fyrir fundinn í dag.

3. Ársreikningur félagsins. ÁS byrjaði á því að segja frá því að samningur hafi verið gerður við nýja endurskoðendur fyrir félagið, þá Svavar G. Stefánsson og Jón Þ. Hilmarsson. En Viktor Knútsson sem verið hefur endurskoðandi félagsins frá upphafi er hættur störfum. Sonur hans Kristinn Viktorsson stillir upp reikningum félagsins. ÁS sagði frá því að Birgir Sigurjónsson hætti 1. apríl 2021 sem umsjónamaður íbúða félagsins í Rvk. Voru honum þökkuð góð störf með lófataki. ÁS fór yfir og skýrði ársreikningana og gaf

mönnum kost á að spyrja spurninga sem hann svarði, að því loknu voru reikningarnir bornir undir atkvæði og þeir samþykktir. Nokkur umræða fór fram um skýrslu formanns og ársreikningana.

4. Lagabreytingar. ÁS fór yfir lagabreytinguna í heild, las allar greinarnar upp og breytingar sem gerðar hafa verið. Í lokin var breyting á lögum félagsins borin upp til atkvæðagreiðslu.

Hilmar Snorrason kvaddi sér hljóðs og kom í pontu og gerði athugasemd við að aukafélagar hefðu ekki atkvæðisrétt á fundum félagsins, hann sagðist skilja að þeir hefðu ekki atkvæðisrétt í stjórnarkjöri og er varðaði kjarasamninga, en um önnur mál á félagsfundum er snerti þá taldi hann að þeir ættu að eiga rétt til að greiða atkvæði. ÁS sagði að það hefði alls ekki staðið til að rýra rétt aukafélaga að þessu leyti og gerði tillögu að breytingu á 3. gr. B liðar þannig að rauðlitaður texti bættist við tillögur stjórnar að lagabreytingu „Aukafélagar hafa ekki sömu réttindi og skyldur og fullgildir félagar, **þeir hafa ekki atkvæðisrétt í stjórnarkjöri, né er varðar kjarasamninga**, þeir hafa ekki rétt til dagpeninga osfrv.

Hilmar Snorrason gerði einnig athugasemd við réttindi aukafélaga í 7. gr. ÁS tók undir athugasemd Hilmars og sagði að sjálfsögðu ættu aukafélagar rétt til að taka þátt í fræðslustarfi á vegum félagsins og gerði að beiðni Hilmars tillögu að breytingu á greininni, þannig að við bætist nýr svohljóðandi 4. liður um Réttindi aukafélaga: **4. Réttur til þátttöku í fræðslustarfi á vegum félagsins.**

Breytingartillögur að beiðni Hilmars voru samþykktar.

ÁS rak augun í að í 21. gr. gildandi laga og breytingartillagna frá stjórn, vantaði í upptalningu á sjóðum félagsins **Endurmenntunarsjóð**, hann lagði til að honum yrði bætt við, það var samþykkt.

Karl Einar sem var á fjarfundi lagði til að bætti yrði við 10 greinina að stjórn félagsins myndi auglýsa eftir og ráða framkvæmdastjóra félagsins í framtíðinni. Kosið var um tillögu Karls Einars. Hún var felld.

Tillögur stjórnar að lagabreytingum voru svo bornar upp til atkvæða í heild sinni með áorðnum breytingum og voru samþykktar.

5. Kjaramál. PÆP fór yfir kjaramál annarra en fiskimanna og þá samninga sem ekki hafa verið undirritaðir ennþá. Kjarasamningar farmanna verða lausir eftir eitt og hálft ár, samninganefndin kemur trúlega saman með haustinu eða öðru hvoru megin við áramót til að hefja undirbúningsvinnu.

Kjarasamningur skipstjórnarmanna eldisbáta hefur ekki verið gerður ennþá, til stóð að gera hann samhliða útsýnis- og hvalaskoðunarbátunum um mitt ár 2018, en fyrirtækin í laxeldi voru ekki og hafa ekki viljað gera kjarasamning við stéttarfélögin. Til stendur að fara vestur á Bíldudal innan tíðar og hitta Arnarlaxmenn og félagsmenn okkar þar. Arnarlaxmenn hafa ekki þegið boð okkar ennþá en nýlega var haft samband við fulltrúa fyrirtækisins og þeir beðnir um að nefna heppilegan fundartíma.

Kjarasamningur skipstjórnarmanna og vélstjóra hvalaskoðunarbáta rann út um áramótin en við hjá FS teljum að það sé ekki rétti tíminn núna til að biðja um launahækkanir þegar greinin er rétt að komast út úr gríðarlegum samdrætti vegna faraldursins. Trúlega verður látið til skara skriða með haustinu og freistað þess að hefja samningaviðræður við SA.

Stofnanasamningur stýrimanna LHG var undirritaður í desember sl. en enn hefur ekki náðst að undirrita stofnanasamning skipherra og skipstjóra Baldurs, vonir standa til að það klárast á allra næstu dögum.

PÆP fór yfir vinnutímastyttinguna almennt samkvæmt lífskjarasamningunum og gat þess að enn hafi ekki verið gengið frá vinnutímastyttingu félagsmanna hjá Faxaflóahöfnum. Það hefur reynst Faxaflóahöfnum flókið mál og undirbúningsvinnu þeirra var ekki lokið 1. maí sl. þegar vinnutímastytting vaktavinnufólks átti að taka gildi. FS ásamt öðrum stéttarfélögum sem að málinu koma fylgist með á hliðarlínunni og við höfum verið í sambandi við félagsmenn okkar þar og fulltrúa Faxaflóahafna.

ÁB fór yfir kjaramál fiskimanna og stöðuna í stórum dráttum.

Hann byrjaði á að segja frá langvarandi átökum um verðmyndun sjávarfangs, sérstaklega rækju og uppsjávarafla og í þeirri deilu virðast rækjuútgerðir láta sér kjarasamninga sjómanna í léttu rúmi liggja er varðar verðsamninga áður en haldið er til veiða. Stéttarfélögin voru ósátt með störf oddamanns úrskurðanefndar og töldu hann ekki óvilhallan þegar kom

að verðákvörðun og leituðu til sjávarútvegsráðherra og í framhaldi var skipaður nýr oddamaður. Einnig kom fram í máli formanns hvernig óeðlilega hefur verið staðið að verðmyndun á uppsjávartegundum, en ákveðnar útgerðir greiddu erlendum skipum sem lönduðu hérlandis helmingi herra verð en eigin skipum þrátt fyrir að þau viðskipti hafi átt sér stað í upphafi vertíðar þegar loðnan var verðminni og ekki jafn hrognafull og verðmæt og sú sem íslensku skipin veiddu.

Formaður sagði einnig frá að um þessar mundir standi yfir kjarasamningsviðræður milli samtaka sjómanna og útvegsmanna sem FS hefur vísað til ríkissáttasemjara vegna árangurslausra viðræðna. Svo virðist þó að ákveðins titrings sé farið að gæta hjá SFS og vilji þeirra til að semja sé meiri en oft áður vegna alþingiskosninganna í haust. Sjómenn leggja mikla áherslu á að þeir njóti sömu lífeyrisréttinda og aðrar stéttir launafólks. Við krefjumst þess að mótframlag vinnuveitenda hækki úr 8% í 11,5%, þannig að heildarframlag í lífeyrissjóð verði 15,5%. Auk þess fór formaður yfir aðrar kröfur okkar og gagnkröfur útgerðarmanna, meðal annars hugmyndir þeirra um aukna þáttöku sjómanna í slysatryggingum, auðlindagjaldi og kolefnisgjöldum, en þeim kröfum þeirra hefur alfarið verið hafnað af okkar hálfu. Sjómannasamtökin leggja áherslu á aukna upplýsingagjöf þar sem aflamagn, fisktegundir, stærð, ráðstöfun, aflaverðmæti ofl. þættir verði greinilega sundurliðaðir á uppgjöri hvers skipverja. Einnig er krafa FS að í upphafi vertíðar á loðnu, kolmunna, makríl og síld skulu fulltrúar útgerða halda fund með áhöfn skipa sinna ásamt fulltrúum stéttarfélaga og fara yfir söluhorfur afurða og væntanleg verð á vertíðinni. Þá skal útgerð í lok vertíðar fara yfir með áhöfn og stéttarfélögum þeirra verð á afurðum þegar þau liggja fyrir og greiða viðbót/leiðréttingu ef um það er að ræða.

Nokkrar umræður urðu um kjaramál fiskimanna, meðal annars um verðmyndun á uppsjávarfiski ofl.

6. Kjör fulltrúa félagsins í stjórnir, ráð og nefndir

Kosið var um stjórnarlaun 40.000 kr.- pr. fund. eftir tillögu þar um frá ÁS og var sú tillaga samþykkt.

7. Önnur mál

PÆP fór yfir Kadettanámið, muni Stýrimannaskólans og að lokum hugsanlegan flutning Skipstjórnarskólans til Hafnarfjarðar eftir að spurning um þessi atriði komu úr sal. Smíði rafrænnar ferilbókar er í gangi en sú bók á að halda utan um námskeið og veru á vinnustað um borð í skipi hjá nema í þjálfun sem jafnframt er á launum. PÆP rakti gang mála og útskýrði með hvaða hætti rafræna ferilbókin verður notuð og hvernig á að fylla hana út. Einnig minntist hann á þjálfunarbókina, sem er á ensku, og útgefin af Alþjóðasamtökum kaupskipaútgerða (International Shipping Federation), tímann sem ætlast er til að kadettanámið taki, útgerðir sem rætt hefur verið við vegna málsins og eru tilbúnar til að taka að sér nema, ábyrgð og aðkomu Skipstjórnarskólans og þjálfun leiðbeinenda sem í flestum tilfellum eru stýrimenn. Fram kom í máli hans að Advania er að smíða hugbúnaðinn sem verður væntanlega tilbúinn á hausti komanda og er þá fyrirhugað að hefja kadettanámið formlega.

PÆP var einnig spurður hvernig gangi að finna munum Stýrimannaskólans sáluga hentugt húsnæði og rakti hann gang mála og upplýsti fundargesti að til boða stæði skrifstofuhúsnæði í Korngörðum í Reykjavík. Fyrst yrði þó að fá yfirsýn yfir munina og umfangið og síðast en ekki síst leyfi eigenda þeirra til fá þessa merku muni til varðveislu í framtíðinni. Í nefnd um málið hafa valist auk PÆP, Hilmar Snorrason, Vilbergur Magni Óskarsson, Markús Alexandersson og Ólafur Ólafsson. Fyrirhugað er að bráðlega skoði nefndin muni skólans sem geymdir eru í skemmu vestur í Skeljanesi. Tilsjónarmaður fasteigna Tækniskólans hefur setið fund með nefndinni og er um þessar mundir að skrá niður þá hluti sem eru í geymslu vestur í bæ.

Hvað varðar hugsanlegan flutning Skipstjórnarskólans til Hafnarfjarðar eins heyrst hefur manna á milli í skúmaskotum, þá rakti PÆP þá umræðu sem átt hefur sér stað á skrifstofu FS og skoðun okkar þar. Sjómannaskólahúsið var á sínum tíma byggt fyrir sjómenn en eftir stofnun Fjöltækniskólans, undanfara Tækniskólans, hefur verið þrengt verulega að þessu námi og öll umgjörð hefur breyst en einnig hefur kennlan færst að verulegu leyti úr húsinu og yfir í fjarkennslu sem gerir það að verkum að skólinn er ekki eins plássfrekur og áður fyrr. Hins vegar er það skoðun FS að skólahúsið eigi að tilheyra sjómannamenntun í framtíðinni þó svo að starfsemi Tækniskólans að öðru leyti flytji burtu. Húsið gæti nýst undir safn sjómannamenntunar,

ráðstefnuhalds tengdum sjávarútvegi og siglingum auka menntunar sjómanna. Nokkur umræða skapaðist um málið.

Að lokum bað Hilmar Snorrason aftur um orðið og vildi koma því á framfæri að nýtt lögskráningakerfi verður tekið í notkun 1 september nk. hjá Samgöngustofu. Í hinu nýja kerfi geta sjómenn nálgast upplýsingar um atvinnuskírteini sín og skírteini frá Slysavarnaskóla sjómanna. Það verður hægt að nota alla vafra til að komast inni kerfið, það er ekki bundið við internet explorer eins og núverandi kerfi er.

Að lokum þakkaði formaður fundarmönnum komuna og sleit fundi kl. 17:20